Alvöru espresso með þykkri kaffifroðu eða mildara, alveg eins og þú vilt, nákvæmlega eins og á bestu kaffihúsunum.



QUICK



K A F F I B Ú Ð I N

Hamraborg 1, sími 5546054, www.kaffibudin.is

MARGT LíKT MEÐ MATREIÐSLU OG STJÓRN MÁLUM

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á stjórnmálum, enda eru þau nokkuð lík matreiðslunni, þannig. Í eldhúsinu er matreitt ofan í gesti en stjórnmálamenn krydda og bera fram málflutning sinn þannig að leikmenn hrífast með og segja: Mér líst vel á þetta," segir Katrín Jakobsdóttir sem sótti kokkinn Ingvar á Salatbarnum heim. Ingvar sagði í kjölfarið: „Katrín er einn af þessum ungu stjórnmálamönnum sem ég hef á undanförunum árum haft mjög gaman af að fylgjast með. Hef oftast en ekki hugsað hvort hún sé, líkt og ég, húnvetnskt ættuð, því að Húnvetningar eru jú þekktir fyrir að hafa gaman af því að tala.“

Katrín smakkar á kræsingunum með kokkinum sem ber henni vel söguna.

„Sko mína! Hún kann þetta,“ segir Ingvar ánægður með gestinn þessa vikuna.

SALAT MED REYKTUM LAXI Í VINSTRI GRÆNNI SVEIFLU

Fyrir 2

- 12 sneiðar af reyktum laxi
- 4 blöð frissesalat
- 4 blöð eikarlaufssalat
- 4 blöð rautt salat (cardico-salat)
- 4 stk kirsuberjatómatar
- 3 egg
- Olía
- Salt og pipar
- 1 stk. lime
- 1 stk. baguette-brauð
- 4 matsk. basilolía. (1 búnt af fersku basil er sett í blandara ásamt ½ lítra af olíu og teskeið af salti og síðan maukað saman í blandaranum.)

Eggin eru þeytt og steikt í olíu á pönnu, krydduð með salti og pipar, hrært vel í á meðan. Raðið þremur laxasneiðum þannig að þær myndi eina línu og rúllið þeim upp svo að úr verði rós. Skerið baguette-brauðið í tvennt og smyrjið basilólíunni á brauðið og ristið á pönnu. Raðið fersku salatblöðunum á disk og setjið brauðið á miðjuna. Raðið laxarósunum á brauðið og setjið eggjáhæruruna til vinstri hliðar við brauðið. Setjið tómata á villt á diskinn. Skerið limeið í tvennt og kreistið safann úr hálfu lime yfir salatið. Hinn helmingurinn er skorinn í báta og raðað vinstra megin við brauðið.



Málgleði Katrín starfar sem stundakennari við Háskóla Íslands og kennir þar íslensku og kemur sér þá vel að hafa gaman af því að tala. Katrín er varaformaður vinstri grænna og sækist eftir því að setjast á Alþingi í komandi kosningum og stendur núna í harðri þrófjörðsbaráttu. Það kom ekki á óvart að Katrín og Ingvar næðu saman í eldhúsinu. „Við vorum fljót að tala okkur saman um hvernig við vildum hafa laxasalið,“ segir Ingvar og bætir við: „Það varð að vera náttúruvænt og aðalatriðin urðu að vera til vinstri og grænn litur varð að vera áberandi.“



BÓKAORMAR hér&nú

annakristine@hognu.is

...lásu tvær bækur um helgina, Farpegann eftir rithöfundana Árna Þórarinnsson og Pál Kr. Pálsson og Fimm manneskjur sem maður hittir á himnum eftir Mitch Albom.

Farþeginn er spennu-saga þar sem fullur og ríkur karl hringir eftir leigubíl á nýársdag og blessaður bílstjórinn situr eiginlega uppi með hann dálítið lengi. Allavega það lengi að hann endar með honum í dinner á Valhöll á Þingvöllum þar sem biða hans tveir Danir. Nema hvað. Þegar bílstjórinn hefur fengið nóg af bullinu vill hann fara heim, en þó ekki nema að fá umsamin laun. Þarna við ískalt Þingvallavatnið tekur hann það sem



honum ber og fer svo.

Eða hvað? Næsta morgun finnst nefnilega sá ríki myrtur og búið að troða upp í hann rakettu. Hver sá hann síðast? Inn í söguna fléttast ástir og sorgir, heift og hatur, gleði og gæfa – allt í smá skömmtum og skemmtilega skipt upp, þannig að maður fær smá smjörþef af hverju fyrir sig. Húmor er með ágætum í bókinni og sálræni þátturinn í að finna út hver tengist hverjum hvernig og hver framdi glæpin nokkuð góður.

Þeim Árna og Páli gengur vel að skrifa saman og það er spurning hvort það séu svalirnar í Barcelona sem geri samvinnuna svona fína eða hvort þeir gætu kannski bara skrifað góðan texta hvar sem er. Þetta er fín spennubók.



Bókaormar gátu ekki mokað bílinn sinn út um helgina og andvörpuðu af feginleik. Það var nefnilega enn ein bókinn á borðinu ólesin, Fimm manneskjur sem maður hittir á himnum. Fyrirfram afgreiðsla mín á bókinni var: mömmu, pabba, afa, ömmu og köttinn. En, ó nei, hann Mitch Albom, höfundur bókarinnar, er með miklu skemmtilegri og öðruvísi tilfinningu fyrir því hvern maður hittir á himnum. Himnarikið hans er heldur ekki líkt mínu svona í byrjun, en svo opnast augu lesandans og maður skilur hvers vegna þessar fimm manneskjur en ekki einhverjar aðrar fimm biðu hans á himnum.

Sjarmerandi bók, skemmtilega skrifuð og hraður stíllinn gerir hana myndræna. Hún er tregafull á köflum, lærdómsrík og það væri ynd-



islegt að trúa því af öllu hjarta að Mitch Albom hefði eitthvað fyrir sér í því að þeir sem biða okkar á himnum séu þar vegna þess að þeir þurfi að segja okkur áriðandi hluti. Það væri svo gaman að vita til þess að á himnum fengjum við svörin við öllum okkar spurningum: Hvers vegna var þetta svona en ekki hinsegin?

Próf smóf!

- [✓] hressari á morgnana
- [✓] skarpari í skólanum
- [✓] öruggari í prófunum

RAUTT EÐAL GINSENG

Þegar reynir á þrek og þol



mafia - S: 551 4285



www.ginseng.is

60 SEKÚNDUR

MEÐ RAGNHILDI STEINUNNI SJÓNVARPSKONU

Sæl, Ragnhildur. Viltu leyfa mér að tala við þig fyrir Hér & nú í 60 sekúndur?

„Já, endilega.“

Mig langar svo að forvitnast um Edduna á sunnudaginn og kjólana sem þú klæddist.

„Þetta er reyndar hálfyfndið því það er alltaf vesen að velja flottan kjól sem maður er fullkomlega sáttur við. Ég álpaðist inn í verslunina Júniform og var bara að skoða. Þar var Birta Björnsdóttir og spurði mig: „Ertu að leita að kjól fyrir Edduna?“ Ég jákkaði því og hún bauðst til að sauma á mig kjól. Ég treysti henni fullkomlega og bað hana að sauma bara eitthvað á mig.“

En hafðir þú séð einhverjar flíkur eftir hana?

„Já, ég hef séð margt eftir Birtu og alltaf fundist allt fallegt sem hún hefur gert. Ég treysti henni því hún hefur ótrúlega góðan smekk. Hún sagði að kjóllinn yrði tilbúinn á sunnudeginum. Í upphafi var einungis um einn kjól að ræða fyrir Edduna sem ég páði með stóru brosi. Hún hríngdi síðan í mig á sunnudeginum þegar ég var stödd á generalprufunni og sagðist vera komin með þrjú dress fyrir mig því hún hefði ekki getað stoppað.“

En Birta sæt!

„Já, mjög svo. Ég var mjög kát yfir þessu. Þannig að ég fékk þrjú dress frá Birtu sem voru öll afskaplega falleg og flott. Ég var mjög ánægð.“

Smellpössuðu kjólarnir á þig?

„Já! Þeir pössuðu og þetta var bara frábært og gaman að fá að vera í kjólum sem eru sérstakir og hafa sinn karakter. Birta er fræg í faginu. Það eina sem ég skil ekki er að hún saumaði kjólana á aðeins þremur dögum. Það er ótrúlegt hvað hún náði að gera á þessum tíma. Þetta var eins og að kaupa lottómiða.“

Ég verð að spyrja þig: Hvernig var að vinna með Péttri Jóhanni kynni á Eddunni?

„Það var alveg frábært að vinna með Péttri. Hann er mesti ljúflingur sem til er. Við þekkjumst frá því unnum saman í Astropíu en við lékum bæði í myndinni.“


Hann hefur verið gagnrýndur fyrir fíflaskapinn. Hvað fannst þér?

„Þetta var ákveðinn karakter sem hann ákvað að fara í. Hann var þessi Venus og þetta var bara fíflangur. Ef hann hefði bara verið grafalvarlegur eins og ég alla hátíðina hefði hann eflaust verið gagnrýndur fyrir það.“

Þetta var flott hjá ykkur báðum! Takk fyrir spjallið!

„Það var lítið! Sömuleiðis.“

elly@365.is



Birta Björnsdóttir hannaði kjóla Ragnhildar Steinunnar á Eddunni.



Pétur Jóhann var kynnrir á Eddunni ásamt Ragnhildi og fannst sumum nóg um fíflanganginn.



MÓTANDI MASKARI – GEFUR ÞÉR
DJÖRF OG **ÁBERANDI AUGU!**

NÝR
LASH STYLIST™
MASKARI

**V-LAGA GREIÐA GERIR AUGNHÁRIN
SÉRLEGA ÞYKK OG ÁBERANDI.**

Silkimjúkt innihald og hin einstaka v-laga greiða
gefur augnhárunum einstaka lyftingu og þykkt.

maybelline.com

MAYBELLINE®
NEW YORK

MAYBE SHE'S BORN WITH IT. MAYBE IT'S MAYBELLINE®.

Adriana sést hér með nýja Lash Stylist™ maskarann í litnum Very Black.



Jarðbundin, traust
– en seinlát! „Ég er
metnaðargjörn og vil sjá
hlutina ganga upp.“

MILDAÐIST VIÐ

AÐ VERÐA MÓÐIR

Svava Johansen er ein af glæsilegustu konum Íslands. Hún rekur stórfyrirtækið NTC sem nú heldur upp á 30 ára starfsafmæli, en vinnunni sinnir hún þegar sonurinn er í skólanum eða á fótboltaæfingum.

Pað geislar af Svövu Johansen. Dugnaðurinn sem hefur einkennt hana frá unga aldri er langt frá því að vera á undanhaldi.

„Það hefur alltaf blundað í mér athafnaþrá og hana hef ég örugglega frá þabba,“ segir Svava, sem kemur í viðtal og myndatöku klædd eins og drottning og tekst að renna ekki á glerhálli gangstéttinni.

„Þabbi er frá Reyðarfirði og þaðan kom hann, fátækur, ungur maður með mikla athafnaþrá og byggði upp viðskipti sín ótrúlega hratt. Hann hefur rekið traust og gott fyrirtæki, Rolf Johansen & Co. í tæp fimm tíu ár. Ég trúir því að þegar menn hafa þennan æðislega neista í sér og svona gífurlega athafnaþrá eins og þabbi hafði, þá hætta þeir ekki fyrr en hjólin fara að snúast. Þau snerust oft hressilega hjá honum!“ segir hún brosandi. „Þabbi hefur alltaf þurft að hafa mörg járn í eldinum.“

Móðir Svövu er Kristín Johansen, glæsileg kona sem ber af hvar sem hún kemur. Svava er í miðju sex barna þeirra hjóna og segist telja forréttindi að hafa verið miðjubarn.

„Mamma er þessi rólega, yndislega góða og fallega kona sem hefur ávallt tíma fyrir alla,“ segir hún með mikilli hlýju. „Hún reynir alltaf að sjá hlutina frá báðum hliðum svo sanngirnin komi fram. Þetta kenndi hún okkur systkinunum öllum og við höfum það að leiðarljósi. Mamma var alltaf heima við og þabbi mikið að vinna fyrir stóru heimili svo maður fékk mjög mikið öryggi á báðum sviðum. Ég ber mjög mikla virðingu fyrir foreldrum mínum eins og við öll systkinin.“

En hver eru systkinin?

„Agnes er elst. Hún starfar við kvikmyndaframleiðslu hjá Sögn, en hún er menntuð sem kennari og danskennari. Næstur er Thulin, við-

„Það skiptir mestu máli að vera heilsuhraustur, öðruvísi er erfitt að upplifa alla ást og hamingju í lífinu. Ég er mjög hænd að syni mínum Ásgeiri Frank, sem er tíu ára, yndislegur strákur. Það breytti mér mikið að verða móðir. Ég mildaðist öll og sá lífið í öðru ljósi. Við Ásgeir spilum mikið saman, les-um og horfum á bíómyndir undir sæng. Þá setjum við ávexti og sælgæti í skál og njótum samverunnar.“

skiptafræðingur sem starfar sjálfstætt, svo kem ég, þá Berglind sem starfaði lengi hjá RJC en stundar nú nám í ferðamálafræði í háskólanum – og var einu sinni kjörin feegurðardrottning Íslands – og loks koma tvíburarnir Ásgeir, sem er viðskiptafræðingur og forstjóri RJC, fyrirtækis foreldra okkar, og Kristín, sem einnig starfaði um árabil hjá RJC en er nú heimavinnandi með tvo litla unga. Við systkinin erum mjög samrýmð.“

Dúkkulísudama

Svava á góðar minningar frá æskuárunum og minnst þess að þegar vinkonur hennar vildu vera í dúkkuleik lagði Svava til að þær færu heldur í búðarleik.

„Þeim fannst hugmyndin ekkert sérstaklega góð,“ segir Svava og hlær að endurminningunni.

„Þær vildu frekar vera í dúkkuleikjum, en það átti ekki við mig. Hins vegar hafði ég gaman af að leika mér með dúkkulísur, sérstaklega að klæða þær í ný föt – enda endaði ég í fatabransanum!“ segir hún skellihljæjandi. „Bestu vinkonur mínar á

æskuárunum voru Guðrún Hannesdóttir kennari, Auður Pálmadóttir sem starfar hjá Flugleiðum og Þorbjörg Gunnarsdóttir. Svo kynntist ég Sigrúnu Waage þegar ég fluttist í Laugaráshverfið sex ára gömul,“ segir hún og segir mér skemmtilega sögu af fyrstu kynnum þeirra Sigrúnar.

„Við Berglind systir vorum úti að hjóla þegar við sáu tvær japanskar stelpur hjóla fram úr okkur. „Hæ stelpur, hvar eigið þið heima?“ spurðum við, en þetta reyndust þá vera systurnar Sigrún og Hendrikka Waage...!“

Svava hefur alltaf haft orð á sér fyrir að vera dugnaðarforkur og byrjaði ung að vinna fyrir sér.

„Já, ég byrjaði snemma að vinna; vann með skólanum í Sunnusjoppu þegar ég var tíu ára, enda voru eigendurnir, Sigrún og Kristinn, vinafólk mitt þótt þau væru tuttugu árum eldri en ég. Svo fór ég að vinna hjá Sláturfélagi Suðurlands við Hlemm og fjórtán ára var ég farin að vinna hjá Gulla í Karnabæ. Það var maður sem mér þótti mjög vænt um, honum fylgdi neisti og mikill eldmóður.“



Tekur móðurhlutverkið alvarlega „Það breytti mér mikið að vera móðir. Ég mildaðist öll...“ Á frumsýningu Mýrarinnar með Ásgeiri Frank og Birni.

„Ég byrjaði snemma að vinna; vann með skólanum í Sunnusjoppu þegar ég var tíu ára, enda voru eigendurnir, Sigrún og Kristinn, vinafólk mitt þótt þau væru tuttugu árum eldri en ég. Svo fór ég að vinna hjá Sláturfélagi Suðurlands við Hlemm og fjórtán ára var ég farin að vinna hjá Gulla í Karnabæ. Það var maður sem mér þótti mjög vænt um, honum fylgdi neisti og mikill eldmóður.“

Mikilvægast að vinna með réttu fólki

Svava fór í Verslunarskólann og samhliða námi þar byrjaði hún að vinna í versluninni Sautján.

„Það voru skemmtilegir tímar. Bolli gaf mér stórt tækifæri til að vinna verslunina upp með sér og það varð svo mikið að gera að það var hleypt inn í hollum um helgar. Þetta var góður tími í viðskiptum og það seldist nánast allt upp sem við keyptum inn.“

Svava segir sér hafa líkað vel í tiskuheiminum frá fyrstu stundu.

„Ég hef alltaf verið veik fyrir fallegum fötum og skóm og hef alltaf, frá því ég fékk fyrsta hvíta pelsinn minn þegar ég var sex ára, spáð mikið í tisku og útlit. Þar sem ég átti ekki margar dúkkur klæddi ég systkini mín bara í staðinn!“ segir hún skellihljajandi.

Þrjátíu ár er langur tími í verslunarbransanum og þegar ég spyr Svövu hver sé lykilinn að velgengninni svarar hún:

„Að vera alltaf á tánum! Hlutirnir gerast hratt í tiskuheiminum og til þess að halda sér innan hans þarf maður alltaf að vera í viðbraðgsstöðu. Samsetning á fatnaði verslananna þarf að vera góð, sem og líðsheild í fjármálum. Það er mjög mikilvægt til að maður missi ekki úr höndunum það sem safnast af góðum hugmyndum. Mikilvægast er að vinna með réttu fólki á réttum stöðum innan fyrirtækisins. Skemmtilegast finnst mér auðvitað að sjá hlutina seljast út úr búðunum, það segir manni að góð vinna sé að baki. En í sannleika sagt, þá finnst mér ekkert leiðinlegt við starfið. Ég hef alltaf elskað mitt starf, tisku og viðskipti.“

Svava segir þau sem standa að baki NTC sækja tiskustraumana til sex ólíkra landa, aðallega Englands, Ítalíu og Danmerkur.

„Ferðalögin hafa minnkað mikið hjá mér síðari árin, enda eru sextán manns í innkaupateyminu okkar. Við reukum fimmtán verslanir og því þarf öfluga starfsmenn. Við sækjum eingöngu sýningar í Bandaríkjunum þegar verið er að velja í verslunina SMASH, en merki eins og Donna Karan kaupum við í Milanó. Mörg amerísku tiskumerkin hafa nefnilega höfuðstöðvar sínar í Evrópu.“

Forréttindi að vinna við tisku á Íslandi

En ertu alltaf sammála tiskukóngunum sem leggja línurnar?

„Nei, alls ekki, enda eru línurnar frá hverju tiskuhúsi svo misjafnar. Við verðum alltaf að hafa í huga í hvaða landi við búum og við hvaða veðurfar. Mér finnst samt algjör forréttindi að vinna við tisku á Íslandi því Íslendingar eru svo skemmtilega móttækilegir og margir hverjir mjög framarlega í tiskunni.“

En er ekkert erfitt að eldast í tiskuheiminum, að verða eldri en fylgjast með tiskunni fyrir þá sem yngri eru?

„Nei, alls ekki, enda hef ég alltaf haft brennandi áhuga á tisku fyrir allan aldur. Við opnuðum Kultur-verslunina í Kringlunni fyrir konur 30 ára og eldri og hefur hún gengið mjög vel. Aðalviðskiptavinir okkar þar eru konur á aldrinum 30–55 ára, flottar konur með „cool“ stíl. Margar þeirra voru stærstu viðskiptavinir okkar í Sautján fyrir svona fimmtán, tuttugu árum og mér finnst svo gaman að sjá hvað margar konur halda sér flottum. Sá hópur fer stækkandi í þjóðfélaginu og það finnst mér frábært.“

Skála fyrir og með Báru Sigurjóns

Það hefur einkennt Svövu gegnum tíðina að eiga vini af mörgum kynslóðum. Ein besta vinkona móður hennar, Bára heitin Sigurjónsdóttir, var þannig líka góð vinkona Svövu.

„Bára Sigurjóns var góð fyrirmynd, falleg kona sem hafði viðskiptavit og kunni að lifa lífinu,“ segir Svava hlýlega. „Hún var besta vinkona mömmu minnar og mjög góð vinkona mín líka. Það var mikill missir að henni. Við erum nokkrar vinkonurnar sem höldum saman lítinn Báru-hóp og hittumst og skálum fyrir henni – og með henni. Í þeim hópi eru Lóló einkapjálfi, Brynja Nordquist, Guðlaug Halldórsdóttir, Stefán hjá Blómaverkstæði Binna, Svavar Örn sem sá alltaf um flotta hárið hennar Báru og svo auðvitað Kristín, móðir mín.“

Bára kenndi mér svo margt, „alltaf að gera hlutina fallega, Svava mín“, að sofa alltaf reglulega í átta klukkutíma, ekki minna og ekki meira, og að skjóta einu skoti á mig í tíma og ótíma ef þannig bæri undir!“ bætir hún við brosandí. „Hún orðaði það svona: „Það gerir manni bara gott!“

Ég er mjög félagslynd og á auðvelt með að umgangast fólk,“ segir hún aðspurð. „Ég hef rosalega gaman af mannlegum samskiptum og af því að stúdera fólk. Þar hef ég stuðst við stjörnuspeki og hún hefur sko oft hjálpað mér. Mér finnst gaman að vera innan um breiðan aldurshóp, því maður upplifir sjálfan sig svo ólíkt eftir því hvern maður talar við. Þannig má segja að maður fái aldrei leið á sjálfum sér!“

Stundum ósátt við fjölmiðla

Hvernig finnst þér að vera þekkt á Íslandi og vera sífellt í kastljósi fjölmiðlanna?

„Ísland er svo lítið land að við þekkjumst svo mörg,“ svarar hún að bragði. „Ég tel mig ekki vera þekkt manneskju, þótt ég hafi vissulega verið í fjölmiðlum vegna starfa minna. Hins vegar get ég sagt það alveg hreinskilnislega að maður sættir sig þó aldrei við þegar fjölmiðlar setja mann á forsiðu eða í blað og fjalla um einkamál, sem maður hefur ekki gefið leyfi fyrir. Oftar en ekki er þá farið með rangt mál og þá tekur því oft ekki að leiðrétta þar sem maður gerir umfjöllunina bara meira áberandi.“

Hefur fjölmiðlaumfjöllun einhvern tíma angrað þig, eins og þegar þið Bolli skilduð?

„Já, það var mikið skrifað um okkur Bolla í skilnaðinum okkar og oft farið rangt með staðreyndir. Mér fannst það verst gagnvart syni mínum, en hann er kominn yfir þetta núna.“

Ög áður en ég spyr Svövu út í ástina í lífi hennar, Björn Sveinbjörnsson, sem hún hefur

búið með núna í eitt ár, ræðum við aðeins um samfélagið og Laugavegin.

„Ég er sátt við margt í samfélaginu en ég vildi sjá reglur um að skólar hjá börnum byrjuðu ekki svona snemma yfir dimmustu vetrarmánuðina. Ég skil ekki að lítil börn frá 6 ára aldri eigi að vakna klukkan sjö á morgnana marga mánuði í röð. Ég tel mig mjög lífsglaða konu en ég man ennþá hvernig mér leið þegar ég var á barnsaldri og gekk dimman Laugarásveginn í skólann dag eftir dag. Þetta er bara ávísun á þunglyndi og það er eitthvað sem við þurfum að vinna á í þessu þjóðfélagi. Svo eigum við Íslendingar það sammerkt að við kunnum ekki að fara snemma að sofa.“

Hvert er viðhorf þitt til gamla miðbæjarins, Laugavegarins. Finnst þér að þar þurfi að vera verslunarrekstur áfram eða ertu þeirrar skoðunar að allar búðir eigi að vera í verslunarmiðstöðvum?

„Laugavegurinn hefur blómstað á síðustu misserum. Mér finnst hann aðíslegur núna þar sem Gallerí Sautján er til húsa, efst á Laugaveginum. Vegna 30 ára starfsafmælis NTC höfum við endurbætt alveg jarðhæðina í Laugaveghúsinu, fært Evu niður á jarðhæðina á Laugavegi 89 og húsinu „Gallerí Laugavegi“ hefur verið breytt; stór og glæsileg GS skór-verslun og nýuppsett herra og dömu CENTRUM eru á jarðhæð og á annarri hæðinni er Gallerí 17 fyrir stráka og stelpur. Við höfum fengið mjög góð viðbrögð við þessum breytingum og viðskiptin hafa aukist í takt við það.“

Vissulega eru verslunarmiðstöðvar þó nauðsynlegar á jafn köldu landi og Ísland er, enda hefur Kringlan frá fyrsta degi verið ákaflega vel heppnuð verslunarmiðstöð. Smáralindin er þó alltaf að verða betri og betri, þótt hún hafi verið umdeild í upphafi.“

Hænd að syninum

Hverja telur þú stærstu kosti þína og galla?

„Ég er mjög jarðbundin og traust manneskja. Ég er metnaðargjör, vil sjá hlutina vel gerða og ganga upp. Gallar mínir eru hins vegar þeir að ég mætti vera stundvísari – enda er ég á leiðinni í aðgerð til að láta laga klukkuna í mér! Þegar ég vil virkilega slaka á og hvíla hugann fer ég til Lólóar, yndislegu vinkonunnar minnar í World Class. Það er ekkert betra en að mæta í æfingar til hennar – enda er hún ein besta vinkona sem ég á. Hún er mjög ákveðin og lætur mig ekki komast upp með neitt hangs, en svo hlúir hún líka að mér þegar þess þarf. Laugar er líka paradís á jörðu og þegar öll orkan mín er á þrotum þá sér Lóló mín um að henda mér í gufuböðin og að ég sofni við arineldinn í Baðstofunni í Laugum.“

„Björn er yndislegur og fallegur maður að innan sem utan og mér finnst ég vera mjög lánsöm að hafa kynnst honum. Það skiptir máli að eiga maka sem manni líður vel með og getur deilt áhugamálum og hómor með og það gefur lífi okkar líka gildi að við getum hlegið mikið saman.“

„Ég tel mig ekki vera þekktá manneskju, þótt ég hafi vissulega verið í fjölmiðlum vegna starfa minna. Hins vegar get ég sagt það alveg hreinskilnislega að maður sættir sig þó aldrei við þegar fjölmiðlar setja mann á forsiðu eða í blað og fjalla um einkamál, sem maður hefur ekki gefið leyfi fyrir.“

Í stuði í ellinni „Eftir tuttugu, þrjátíu ár vona ég bara að ég verði á lífi, stálhraust og í svaka stuði með Bjössa og fullt af barnabörnum mér við hlið.“

Hvað finnst þér skipta mestu máli í lífinu?

„Það skiptir mestu máli að vera heilsuhausur, öðruvísi er erfitt að upplífa alla ást og hamingju í lífinu. Ég er mjög hænd að syni mínum Ásgeiri Frank, sem er tíu ára, yndislegur strákur. Það breytti mér mikið að verða móðir,“ segir hún hugsandi. „Ég mildaðist öll og sá lífið í öðru ljósi. Við Ásgeir spilum mikið saman, lesum og horfum á bíómyndir undir sæng. Þá setjum við ávexti og sælgæti í skál og njótum samverunnar. Ég vinn yfirleitt langt fram á kvöld og við áttum alltaf miðvikudaga saman, en nú samræmist það ekki fótboltaæfingum hans. Ég er því að breyta vinnudeginum hjá mér svo ég geti verið heima þegar hann kemur úr skólanum og verið með honum þangað til hann fer á æfingar. Þá fer ég aftur í vinnuna og er þar fram að kvöldmat.“

Fallegur að innan sem utan

Hún segir soninn með fallega sál, en þannig sál hafi sambýlismaður hennar líka. Eins og ljóst var af viðtali í DV við kærasta Svövu, Björn Sveinbjörnsson fyrirsætu og framkvæmdastjóra NTC, er hann yfir sig ástfanginn af henni. Það er vonandi gagnkvæmt, Svava!

„Já, við erum mjög ástfangin,“ segir hún broandi og bætir við: „Enda er Björn yndislegur og fallegur maður að innan sem utan og mér finnst ég vera mjög lánsöm að hafa kynnst honum. Það skiptir máli að eiga maka sem manni líður vel með og getur deilt áhugamálum og húmor með og það gefur lífi okkar líka gildi að við getum hlegið mikið saman. Við erum með svipaða lífssýn og eigum ótrúlega margt sameiginlegt. Við berum mikla virðingu hvort fyrir öðru, enda tel ég að traust og virðing sé undirstaða góðs sambands. Svo held ég líka að samband sem hefst þegar fólk er um fertugt hljóti að byggjast á því að fólk taki hvort öðru eins og það er en reyni ekki að breyta hvort öðru. Hver væri tilgangurinn með að breyta manneskjunni sem þú féllst fyrir í upphafi?“

Hvernig sérðu þig fyrir þér eftir svona tutugu, þrjátíu ár?

„Ég á svo erfitt með að sjá fyrir mér hvar ég verð eftir svo mörg ár. Vonandi bara á lífi, stálhraust og í svaka stuði, með Bjössa og fullt af barnabörnum mér við hlið!“

VEL MÆTT Í AFMÆLIÐ

Á annað þúsund manns fögnuðu með Svövu og starfsfólki NTC í afmælinu um síðustu helgi.



A woman with long brown hair, wearing dark sunglasses, a grey turtleneck, a long plaid coat, and dark jeans, is walking towards the camera in a train station. The station has a high ceiling with a large number '5' and other people in the background.

**Flottar
kápur**

**Stærðir
36 - 48**

bianca

g æ ð i o g g l æ s i l e i k i

Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533

Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 10-16

Hljómsveitin **Brooklyn Fæv** er að koma með langþráða jólaplötu núna fyrir jólin. Sveitin á tvö af vinsælustu jólalögum síðustu ára, Sleðasönginn og Einmana á jólanótt. Þau lög eru auðvitað á plötunni ásamt níu öðrum. Hér og nú ræddi við aðalsöngvarhljómsveitarinnar Davíð Olgeirsson.

Hér er Davíð að flytja lagið Strengjadans í undankeppni Eurovision.



„Ég er að vinna með tónlist hjá D3 og sé þar um svokallað Backbeat. Það er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að spila rétta tónlist fyrir hvern markhóp. Til dæmis tónlistina sem er flutt í verslunum 10-11, Nóatúni, Next og þess háttar. Þessi þæling byrjaði árið 1920 í New York þegar fólk gat ekki hugsað sér að vera í lyftum nema að hafa tónlist. Rétt tónlist getur verið söluhvetjandi og auk þess haft góð áhrif á starfsanda.“

SYNGJANDI SJARMUR

„Ævintýrið hófst þegar við unn-um söngkeppni framhaldsskólanna árið 1998. Það er kannski framhaldsskólabragur á nafni hljómsveitarinnar,“ segir Davíð Olgeirsson þegar við spyrjum hann út í nafnið Brooklyn Fæv.

„Við tókum þá lag með Billy Joel: For the longest time, og sungum það raddað. Við sáum á þessum tíma tónleika með Billy Joel. Þá talaði hann um að þeir hittust alltaf á götuhorni í Brooklyn og þá datt okkur í hug nafnið á bandinu.“

Annars höfum við undanfarin ár ætlað að gefa út jólaplötu. Höfum kastað lögum á milli okkar síðustu árin. Á plötunni eru öll lögin koverlög nema Sleðasöngurinn. Það gerðist

fyrir á árinu að við ákváðum að slá til og gefa út plötu. Snemma í sumar byrjuðum við að æfa og raddsetja. Æfðum vel í allt sumar.

Raggi Bjarna syngur eitt lag með okkur á plötunni. Það heitir á frum- málinu Have yourself a merry little christmas. Þetta lag er náttúrliga sniðið fyrir Ragga og sérstakt fyrir hann að syngja það því öll lögin eru án undirleiks og að sjálfsögðu á ís- lensku.

En þetta er bara æðislega gaman því við erum allir félagar úr Mennta- skólanum í Hamrahlíð. Við höfum allir afskaplega gaman af þessu,“ segir Davíð söngvari með meiru sem er á föstu með Tinnu Jóhanns- dóttur. elly@365.is

Davíð Olgeirsson undankeppni Eurovision. Hann samdi sjálfur lag og texta.



Davíð P. Olgeirsson bráðhuggulegur með hatt.



Kiddi og Davíð þæla í handritinu. En plata Brooklyn Fæv nefnist Góð jól.



Brooklyn Fæv við upptökur á myndbandinu. Frá vinstri: Viktor, Kiddi, Davíð, Kalli og Alli. Kalli, sem er bassi, er í Baggalúti líka.

Einar Örn Einarsson, sem lék Manna í Nonna og Manna á sínum tíma, leggur á ráðin með strákunum.



60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

Fjór hjóladrifinn

Fjór hjólastýrður

Lyftigeta: 3.400 KG

Lyftihæð: 6.050 MM

Gafflar: 1.200 MM

Vél: Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ

LOAD SENSING!! Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAPJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager



PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.

Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-mail: pon@pon.is


hér&nú KROSSGÁTAN



15						
MP & BH	MERKI	KÆR-LEIKUR	↻	LÍTILL BÁTUR	TÍMABIL	
		SKÓLI				
UMSJÓN						
FÆÐA						
1101						



↓	FARVEGUR	TVEIR EINS ÞAKBRÚN				50 EINN	VEIRA TVEIR EINS						50
				→							BÚLGA		
MJÓLKUR- VARA					NÚMERA TVEIR EINS	EINS UM Í					950 MEST		UTAN TUSKA
VÖRUMERKI			ÞYRPING 50				100 50	SAMTÖK GUÐ				TVEIR EINS EINS UM B	
				→							UNG FOR		
							SKILABÖÐ						
							SKÓLI	RÖÐ SJÓR					
							ARSTÍÐ						
							BRODD			DROLLA			
							SKAR						
		TANGI	NÚMER TVÖ VEGUR	↻				LÝKUR UPP					
EINS UM G						SÆLGÆTI MÆLI- EINING	SKYLDIR					JAFNVEL ÞRÍR EINS	GLOPPA
				→						NÚTÍÐ			
MÁLHEITI							ÁVÍTA						
		RYKKORN				FÉLAGS- SKAPUR							



43

Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir
Naut: Fædd 29. apríl 1981

NAUTIÐ ER:

- Meðvitað um sjálft sig
- Rómantískt
- Listrænt
- Vanafast
- Sjálfsdekrað, latt
- Polgott
- Heiðarlegt, áreiðanlegt



Birgitta Haukdal Brynjarsdóttir
Ljón: 28. júlí 1979

LJÓNIN ER:

- Félagslynt, slúðurgjarnt
- Með hátt sjálfsmat
- Hlýtt
- Kröfuhart
- Göfuglynt
- Góður stjórnandi (þolir ekki smáatriði eða rútínu)
- Eyðslukló
- Tilþrifamikið



Vatnsberinn (20. jan.–18. feb.)

Hættu að hugsa um smáatriðin

Þér er sérstaklega bent á að halda kostnaði í skefjum og efla framkvæmdagleiði þína til muna og fyrir alla muni ekki sökkva þér á kaf í smáatriðaflækju þegar samningar eða jafnvel áætlanir eru annars vegar. Hér verndar þú sjálfa-
n þig en ættir að vera meðvitaðri um eigin styrk til góðverka og árangurs.



Sólveig Arnardóttir, fædd 21. janúar 1973

Fiskarnir (19. feb.–20. mars)

Viðskiptin blómstra vikuna framundan

Örlögin ráða ríkjum þegar viðskipti eru annars vegar hjá stjórn Fiskanna. Atburðir framtíðar munu koma þér ánægjulega á óvart þar sem framtíðin færir þér vissulega betri tíma.



Baltasar Kormákur, fæddur 27. febrúar 1966

Hrúturinn (21. mars–19. apríl)

Hlustaðu betur en áður

Æfðu þig betur í að hlusta helmingi meira en þú talar og byggðu samræður þínar í kringum vel orðaðar og þaulhugaðar spurningar og minntu þig stöðugt á að tal skilar þér í sjálfa sér ekki meiri árangri en hlustun.



Valgerður Sverrisdóttir, fædd 23. mars 1950

Nautið (20. apríl–20. maí)

Hugaðu að afleiðingum verka þinna

Hér kemur fram að val þitt hefur eflaust í för með sér velliðan þar sem þú ættir að staldra við, skoða með opnum huga afleiðingar verka þinna þegar viðskipti eða jafnvel áætlun (viðskiptahugmynd) er annars vegar. Það sem einkennir þig í viðskiptum og mannlegum samskiptum er að þú ert mjög gefandi í samskiptum við aðra.



Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir, fædd 28. apríl 1980

Tvíburarnir (21. maí–21. júní)

Innsæi þitt er öflugt og það skaltu nota

Hérna ert þú minnt/lur á að þú lifir á tímum tækifæra þar sem fólk getur náð meiri árangri en áður hefði verið hægt að ímynda sér. Þú trúir því að það séu tvær hliðar á hverju máli og því reynir þú að sjá þær báðar áður en þú kemst að niðurstöðu. Þú kannar, skoðar og greinir þangað til þú veist svarið. Notaðu innsæi þitt í meiri mæli.



Ragnheiður Ásta Pétursdóttir, fædd 28. maí 1941

Krabbinn (22. júní–22. júlí)

Slepptu fortíðinni alfarið

Ef þú leitar eftir viðskiptalegum árangri ættir þú að sleppa tökum á fortíðinni því þú ert bundin/-n fortíðinni mjög sterkum böndum, oft í gegnum skyldfólk þitt jafnvel. Þér er gefinn sá eiginleiki að draga fólk að þér bött þú virðist jafnvel ekki hreyfa þig og kemur það sér vissulega vel með komu jóla þegar viðskipti eru annars vegar.



Þór Túlínus, fæddur 22. júní 1959

Ljónið (23. júlí–22. ágúst)

Draumana ættir þú að muna

Hér kemur fram að stjarna Ljónsins er leidd áfram en þó án þess að hún geri sér jafnvel fulla grein fyrir því. Sýnir í formi drauma eiga vel við og leið þín að sjálfinu er vissulega greið. Þú uppgötv-
ar grundvallareðli þitt og veist hver þú ert í raun og veru á sama tíma og vitund þín býr yfir þeim eiginleika að vera hrein þekking.



Kolbrún Bergþórsdóttir, fædd 25. júlí 1957

Meyjan (23. ágúst–22. sept.)

Hér stefnir þú markvisst að markinu

Stjarna þín virðist huga og vinna markvisst að málstað og tileinkar sér að ná markinu þó viðhorf annarra sé annað. Ekki slá hlutunum á frest. Því hraðar sem þú bregst við, því meiri orku hefur þú og því áhuga-samari og sjálfsöruggari verður þú til að takast á við það sem biður þín.



Illugi Gunnarsson, fæddur 26. ágúst 1967

Vogin (23. sept.–23. okt.)

Allt skiptir máli varðandi framhaldið

Ekkert er hlutlaust og allt skiptir máli þegar viðskipti eru annars vegar. Þótt þú kjósir að þóknast öðrum áttu það til að vera árásgjarn/-gjörn en þú býrð yfir sjaldsæðum hernaðaranda sem kemur þér á áfangastað.



Pálmi Gestsson, fæddur 2. október 1957

Sporðrekin (24. okt.–21. nóv.)

Nýtt og spennandi ævintýri er framundan

Ef þú átt erfitt með að flýja reynslu fortíðar er þér ráðlagt að taka á honum stóra þinum og eða ímynduðum hindrunum sem kunna að standa í vegi þínum þegar viðskipti og jafnvel einhvers konar ný og spennandi ævintýri eru annars vegar.



Egill Eðvarðsson, fæddur 28. október 1947

Bogmaðurinn (22. nóv.–21. des.)

Tilfinningar annarra eru heilagar

Þú hefur lagt á þig ómælda erfiðisvinnu til að ná þeim árangri sem þú býrð við í dag. Nú er komið að þér að njóta tilverunnar en hættu að traðka á tilfinningum þeirra sem þér finnst eiga það skilið þegar fólk í kringum þig er annars vegar.



Hlín Agnarsdóttir, fædd 23. nóvember 1953

Steingeitin (22. des.–19. jan.)

Þörf á forvarnaraðgerðum

Hugaðu betur að því hvernig þú getur breytt reynslu þinni alfarið í ávinning. Forvarnaraðgerðir geta verið einfaldar og skapa þér án efa ákveðið öryggi þegar viðskipti eru annars vegar.



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fædd 31. desember 1954

LOKSINS LOKSINS LOKSINS

Hollywood þægindi á Íslandi!



Hann er til leigu!

- Hentar vel við ýmis tækifæri, svo sem afmæli, brúðkaup og fundi
- Tekur 17 farþega
- Lystisnekkja á hjólum

GOLD LIMO

SÍMI 897 0930 • goldlimo@goldlimo.is

NÚ ERU TIL TVÆR TEGUNDIR AF

Prep 1

Grár undirmaskarinn gefur fyllingu sem aldrei hefur sést áður um leið og hann nærir augnhárin hvert fyrir sig

Prep 2

Svartur maskarinn er borinn á og augnhárin verða fyllri, þéttari og dramatískari en nokkru sinni fyrr

GOSH Extreme 2step volume mascari

er tvegggja þrepa maskari sem gefur augnhárunum þéttara, fyllri og dramatískara útlit

Maskarinn er ILMEFNALAUS

EXTREME 2STEP VOLUME MASCARA

2 ÞREPA MASKARA FRÁ GOSH!

GOSH®
COSMETICS

Þrep 1

Hvítur undirmaskarinn
inniheldur micro fiber
sem styrkir og lengir
hvert augnahár fyrir sig

Þrep 2

Svartur maskarinn er
borinn á og augnahárin
verða þéttari og lengri
en nokkru sinni fyrr

GOSH Eye Catching 2Step Mascari

er tveggja-þrepa maskari sem
kemur nýrri vídd í augnumgjörðina
þína með lengri og þéttari
augnahárum

Maskarinn er ILMEFNALAUS

Álver fyrir iðnaðarmenn



Iðnaðarmannadagur Alcoa Fjarðaáls laugardaginn 25. nóvember

Atvinnutækifæri, námstækifæri, þjónustusamningar

Laugardaginn 25. nóvember opnum við dyrnar fyrir iðnaðarmönnum og iðnnemum. Við förum í skoðunarferð um álverið og kynnum bæði atvinnu- og námstækifæri iðnaðarmanna hjá Alcoa Fjarðaáli og þjónustusamninga sem fyrirtækið mun gera við verktaka.

Skoðunarferð um álverið kl. 12:30

Kl. 12:30 verður lagt af stað í skoðunarferðina frá bílastæðinu við álverslóðina. Þar sem gera þarf ráð fyrir öryggisbúnaði eru þátttakendur beðnir um að skrá sig í skoðunarferðina á fjardaal@alcoa.is eða í síma 470 7900.

Kynningarfundur kl. 14:00

Kl. 14:00 byrjum við kynningarfund í Veislumiðstöðinni (Barbeque Center) í starfsmannahöfðinu á Haga við Reyðarfjörð. Við fáum góða gesti í heimsókn til okkar, ræðum málin saman og njótum léttar veitinga. Formlegri dagskrá lýkur um kl. 16:00.

Rútuferðir

Við bjóðum upp á rútuferðir frá Akureyri, Húsavík, Höfn, Norðfirði, Eskifirði, Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Egilsstöðum og Reyðarfirði. Hægt er að skrá sig í rútuferð og fá nánari upplýsingar í síma 470 7900 og á alcoa.is.

Í álveri Alcoa Fjarðaáls verður meðal annars afkastamesta rafveita á landinu, 336 tölvustýrð rafgreiningarker, háþróaður lofthreinsibúnaður, fullkomin álvirasteypa, atvinnuslökkvilið og 250 farartæki af öllum stærðum og gerðum.



Kerskálaokrani

Rafvirkjar (8 störf) og vélvirkjar (9 störf)

Við leitum að faglærðum rafvirkjum og vélvirkjum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátæknivæddu álveri Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina. Unnið er í teyrum samkvæmt stöðluðum verkferlum og ýrtruðu öryggiskröfum. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf 1. janúar 2007 eða síðar.

capacent
RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf á capacent.is (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á www.alcoa.is og hjá Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) og Helgu Snædal (helga.snaedal@capacent.is) hjá Capacent í síma 540 1000.



www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

